Byggingarlýsing

Almennt
Á lóðinni Áshamar 2 Landeignarnúmer 231972 fyrirhugað að reisa fimm 5-6 hæða fjölbýlishús auk kjallara.
Húsin eru hönnuð á grundvelli gildandi byggingarreglugerðar 11/112 með síðari breytingum, samþykktum deiliskipulagsskilmálum fyrir lóðina og algildrar hönnunar.
Aðkoma að húsunum fyrir akandi og gangandi umferð er frá Áshamri að sunnan og einnig er aðgengi fyrir gangandi og hjóla umferð frá Ásvallabraut að norðan. Aðkoma slökkviliðsbíla er frá Ásvallabraut og Áshamri.
Á lóðinni Áshamar er fyrir hugað að reisa 139 íbúðir í 5-6 hæða byggingum. Byggigarnar mynda tvo U lagaða reiti í kringum 47 bílastæði í hvorum reit sem eru yfirbyggð með yfirliggjandi garðfleti. Austan við byggingu er bílastæði á tveim plönum með allt að 45 bílastæðum samtals. Áshamar 4, 8 og 10 eru 5 hæða auk kjallara og Áshamar 2 og 6 eru 5 til 6 hæða auk kjallara.
Í hverri byggingu er gert ráð fyrir einu lyftu og stigahúsi. Aðalinngangur að húsunum er frá kjallarahæð. Á kjallarahæðum er gert ráð fyrir sérgeymslum fyrir íbúðir auk tæknirýmis og sameiginlegri geymslu fyrir hjól og vagna. Í áshamri 4 og 8 er auk geymslan gert ráð fyrir hluta kjallararýmis fyrir bílastæði.
Á yfirliggjandi hæðum er síðan gert ráð fyrir íbúðir. Eingöngu í Áshamri 10 er gert ráð fyrir einni íbúð á kjallarahæð í norðvesturhorni byggingar. Auk aðalinnganga er gert ráð fyrir aðgengi til og frá stigahúsum um yfirbyggða göngubrú að garði.
Frá bílastæðum á kjallarahæð er gangstígur upphitaður að aðalinngangsdyrum. Þetta á auk þess við frá efra gólfi bílastæða í Áshamri 2. Hönnuður fullyrðir að unnt sé að koma fyrir öllum föstum búnaði fyrir þann mannfjölda sem gert er ráð fyrir í hverri íbúð.
Samkvæmt samþykktum deiliskipulagsskilmálum reiknast nýtingarhlutfall eingöngu ofanjarðar.
Skráningartöflur taka ekki mið af sllíkri skilgreiningu. Þar af leiðandi er ekki samræmi milli raunverulegs byggðra fermetra sem birtast í skrásetningu og þeirra fermetra ofanjarðar sem teljast til nýtingarhlutfalls.

Notkun og starfsemi
Fjöldi íbúða er 139 íbúðir.
Áætlaður fjöldi íbúa er um 460 manns.

Stærðarmál

Mhl. 01. Áshamar 10

Hæðir	Flatarmál m² A-rýma	Rúmmál
Kjallarahæð	570,5 m²	1.656,4 m³
1.hæð	569,5 m²	1.646,2 m³
2.hæð	569,5 m²	1.646,2 m³
3.hæð	569,5 m²	1.646,2 m³
4.hæð	569,5 m²	1.646,2 m³
5.hæð	569,5 m²	1.932,2 m³
Flatarmál m² A-rýma Ofanjarðar		**2.948,8 m²**
Flatarmál m² A-rýma Neðanjarðar		**476,3 m²**
Rúmmál		**10.288,8 m³**

Mhl. 02. Áshamar 8

Hæðir	Flatarmál m² A-rýma	Rúmmál
Kjallarahæð	330,8 m²	953,2 m³
1.hæð	348,3 m²	1.016,6 m³
2.hæð	348,3 m²	1.016,6 m³
3.hæð	348,3 m²	1.016,6 m³
4.hæð	348,3 m²	1.016,6 m³
5.hæð	348,3 m²	1.213,8 m³
Flatarmál m² A-rýma Ofanjarðar		**1.741,5 m²**
Flatarmál m² A-rýma Neðanjarðar		**330,8m²**
Rúmmál		**6.306,2 m³**

Mhl. 03. Áshamar 6

Hæðir	Flatarmál m² A-rýma	Rúmmál
Kjallarahæð	577,6 m²	1.656,4 m³
1.hæð	569,8 m²	1.646,2 m³
2.hæð	569,8 m²	1.646,2 m³
3.hæð	569,8 m²	1.646,2 m³
4.hæð	569,8 m²	1.646,2 m³
5.hæð	569,8 m²	1.672,6 m³
6.hæð	385,0 m²	1.405,5 m³
Flatarmál m² A-rýma Ofanjarðar		**3.234,0 m²**
Flatarmál m² A-rýma Neðanjarðar		**577,6 m²**
Rúmmál		**11,434,6 m³**

Mh. 04. Áshamar 4

Hæðir	Flatarmál m² A-rýma	Rúmmál
Kjallarahæð	330,8 m²	953,2 m³
1.hæð	348,3 m²	1.016,6 m³
2.hæð	348,3 m²	1.016,6 m³
3.hæð	348,3 m²	1.016,6 m³
4.hæð	348,3 m²	1.016,6 m³
5.hæð	348,3 m²	1.213,8 m³
Flatarmál m² A-rýma Ofanjarðar		**1.741,5 m²**
Flatarmál m² A-rýma Neðanjarðar		**330,8m²**
Rúmmál		**6.306,2 m³**

Mhl. 05. Áshamar 2

Hæðir	Flatarmál m² A-rýma	Rúmmál
Kjallarahæð	578,9 m²	1.658,5 m³
1.hæð	573,0 m²	1.649,9 m³
2.hæð	573,0 m²	1.649,9 m³
3.hæð	573,0 m²	1.649,9 m³
4.hæð	573,0 m²	1.649,9 m³
5.hæð	573,0 m²	1.692,3 m³
6.hæð	400,7 m²	1.461,5 m³
Flatarmál m² A-rýma Ofanjarðar		**3.265,7 m²**
Flatarmál m² A-rýma Neðanjarðar		**578,9 m²**
Rúmmál		**11.527,5 m³**

Mhl. 06. Áshamar 2-10

Hæðir	Flatarmál m² A-rýma	Rúmmál
1.hæð	25,2 m²	65,6 m³
Flatarmál m² A-rýma Ofanjarðar		**0,0 m²**
Flatarmál m² A-rýma Neðanjarðar		**25,2 m²**
Rúmmál		**65,6 m³**

Mhl. 07. Áshamar 2-10

Hæðir	Flatarmál m² A-rýma	Rúmmál
1.hæð	25,2 m²	69,9 m³
Flatarmál m² A-rýma Ofanjarðar		**0,0 m²**
Flatarmál m² A-rýma Neðanjarðar		**25,2 m²**
Rúmmál		**69,9 m³**

Bílageymslur	Flatarmál m² B-rýma
Bílageymsla Mhl.2	947,2 m²
Bílageymsla Mhl.4	947,2 m²
Bílageymsla Mhl.5	761,2 m²
Samtals	**2.655,6 m²**

Samtals

Flatarmál m² A-rýma Ofanjarðar	**12.931,5 m²**
Flatarmál m² A-rýma Neðanjarðar	**2.344,8 m²**
Rúmmál	**45.998,8 m³**

Bílastæðabókahald
Gert skal ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hvert bílastæði samkvæmt ákvæðum BR. gr. 6.7.1. Bílastæðakrafa er 1 stæði fyrir hverja íbúð samkvæmt deiliskipulagsskilmálum. Auk þess er fyrirhuguð afnot af deilibílum þegar það kerfi verður stofnsett.

Burðarvirki
Sökklar, botnplötur, útveggir, berandi innveggir, berandi súlur, millgólf, svalagangar og þakplötur eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu. Stigar á milli hæða og svalagólf eru forsteypt. Þakplata bílageymslu samanstendur af stálbitum og forsteyptum holplötum.

Útveggir
Útveggir eru einangraðir að utan með 100 mm. steinull og klæddir með sléttri álklæðningu sem fest er á steyptan útvegg með viðurkenndu festingarkerfi. Inn á svölum eru útveggir klæddir með timburklæðningu . Loftbil milli einangrunar og klæðningar skal ekki vera minna en 20 mm. Útveggir eru sandspartlaðir að innan og málaðir. Utanhúsklæðning er í ljósum og dökkum litaskala.

Þakvirki
Þakvirki íbúðahúsa
Ofan á staðsteyptar þakplötur er sett tvö heilbrædd lög af viðurkenndum þakpappa. Þakið er einangrað með 2 lögum af XPS blauteinangrun með þurrdúksyfirborði og fest niður með harpaðri þakmöl (kornastærð 60-80mm).
Yfir bílstæðum er sett steypt holplata sem hvílir á stálbitum og staðsteyptum burðasúlum. Ofan á þessa plötu er sett mold með gróðri og leiktækjum fyrir börn. Flestar hliðar bílageymslunnar eru opnar. Er ekki gerð krafa um vatnsúðakerfi.

Innveggir
Berandi innveggir eru staðsteyptir, sandspartlaðir og málaðir. Létt innveggir eru úr hlöðnum gifssteinum með yfirborðsmeðhöndlun úr sementsgifs blöndu og málaðir. Sementsblandan er vatnsheld.

Hurðir
Hindrunarlaus umferðarbreidd og hæð inngangsdyra / útdyra er minnst 0,83 sm og hæð 2,07 m. Hindrunarlaus umferðarbreidd og hæð allra innihurða svo og svala hurða er 0,80 m og hæð 2,0 m.
Til að uppfylla kröfu algildrar hönnunar þar sem hurð opnast inn í annað rými skal vera 30 sm pláss fyrir framan hurðina og 50 sm þeim megi sem hurðin opnast inn í skráar megin. Við aðalinngangshurðir svo og hurðum að svalargöngum skal útbúin með sjálfvirkum opnunarbúnaði. Ekki er gerð krafa um að búnaðurinn sjálfur verði settur upp en að allar lagnaleiðir liggi að hurð svo hægt sé að setja búnaðinn upp án teljandi vandræða.

Gluggar
Allir gluggar eru verksmiðjuframleiddir úr timbri og áli og glerjaðir með tvöföldu K-gleri eða sambærilegu Gler sem nær niður fyrir 60 sm frá gólfi skal vera öryggisgler vandræða. Allir gluggar eru settir í eftir á.

Stigar og skábrautir
Allir stigar eru forsteyptir.
Breidd stiga er 1,2 m. milli handriða með 30°halla og 1,30 m breiðum hvíldarpalli. Skábrautir að aðalinngangi frá Áshamri eru 3,0m að breidd með hrjúfu yfirborði og handriðum á báðum hliðum .
Halli skábrauta 1:20 með 3,0 m. umferðarleið og 1,5 m. löngum hvíldarpalli. Skábrautin er upphituð með snjóbræðslu kerfi.

Lyftur
Lyftur skulu uppfylla ákvæðum 6.4.12 BR. Innanmál lýfta er minnst 1,10 m. x 2,10 m. og burðargetu að lágmarki 1,000. kg. Tryggja skal hindrunarlaust athafnasvæði fyrir hjólastóla og sjúkrafluttninga framan við lyftudyr þar sem 1,80 m breidd meðfram lyftudyrum og 2,0 m lengd að lagmarki. Koma skal fyrir samskiptabúnaði sem tengir lyftunotanda sem ýtt hefur á þjónustuhnapp við þjónustumiðstöð í gegnum samtalskerfi. Við notkun skal ljós kvikna þegar upplýsingar um neyðarkall hefur verið mótekið.

Handrið
Öll stigahandrið í stiga og lyfthúsi liggja að vegg og eru eingöngu örðum megin. Hæð stigahandriða eru 0,9 m með handlistum mælt frá tröppunefi og lóðrétt að efri brún handlista, þar sem 50 mm gripbreidd er tryggð. Tryggja skal að op í handriði sé hvergi meiri en 89 mm. Svalarhandrið eru úr stálprófílum og skyggðu öryggisgleri þar sem efri brú handriðs er 1,2m frá svalargólfi.

Svalagangar
Svalagangar eru vindvarðir með öryggisgleri á viðurkennt festingarkerfi. Til að tryggja nægilega reyklosun er komið fyrir 50 sm loftbili við efri brún öryggisglers og 10 sm við neðri brún. Handlisti með 5 sm griphaldi frá glervegg er í 1,2m hæð yfir gólfi.

Loftræsting
Húsið er loftað með vélrænni loftræstingu og er útkast á þaki húss. Útsog er frá eldhúsi, baðherbergi, og gluggalausum rýmum. Í stofu við svalahurð er undirþrýstingventill til að tryggja ferskt loft inní íbúðum. Geymslur eru loftaðar með vélrænni loftræstingu þar sem útsog er frá hverri geymslu fyrir sig. Útkast er uppá þaki. ferskt loft er dregið inní geymslur af geymslugangi í gegnum yfirstraumsristar eða loftbil undir hurðum.

Lagnir
Húsið er upphitað með hefðbundum ofnum á öllum hæðum. Stofnlagnir af deilikistum ofna eru stállagnir. Frá deilikistum eru lagnir innsteyptar rör í rör lagnir með súrefniskápu. Neysluvatns og þrifalagnir eru plastlagnir. Varmaskiptir er notaður fyrir heitt neysluvatn staðsettur í tæknirými húss. Hitastig á neysluvatni er hámark 60-65°C. Allar lagnir eru teiddar um lagnastokka með brunamótstöðu EL60 niður í grunnlagnakerfi hússins. Allar lagnir eru einangraðar.

Blágrænar ofanvatnslausnir
Ofanvatn og ræsivatn er veitt aftur í jarðveg til að viðhalda náttúrulegri hringrás vatnsins í gegnum greinar siturlagna sem staðsettar eru innan lóðarmarka. Við ofálag á kerfið verður vatni veitt í hefðbundin fráveitukerfi bæjarfélags.

Snjóbræðsla
Snjóbræðsla er á skábrautum við bílaplön, í gangstéttum fyrir framan hvert hús og að auki í bílastæðum fyrir hreyfihamlaða, einnig er snjóbræðsla lögð í gangstéttir sem leiðir til djúpgáma. Notast er við frárennsli ofnakerfis við snjóbræðslu að undanskildum skábrautum þar sem kerfið er lokað.

Algild hönnun
Húsin eru hönnuð á grundvelli algildrar hönnunar. Aðkoma er tryggð frá Áshamri að bílageymslu/ aðalinngöngum húsa. Greið leið er að tæknirýmum og geymslum í kjallara. Til að uppfylla ýtrustu kröfur þessa ákvæðis er hægt á auðveldan hátt að breyta vissum þáttum þannig að ákvæðið er uppfyllt svo sem að opna baðherbergishurðir út. Við inngöngu hurðir íbúða er hámarkshæð þröskulda ekki meiri en 2,5 sm. Allar hurðir standast ákvæði þessarar greinar samkv. ofan skráðu (sjá hurðir). Sturtubotnar eru þreplausir og aðgengi að salernum með 90 sm bili hægt að tryggja með sturtuhengjum í stað öryggisglers.

Sorp
Á lóð framan við bílskýli er gert ráð fyrir 9x5 m³ og 5x3 m³ djúpgámum.
Staðsetning djúpgáma eru frávik frá gildandi deiliskipulagi.
Fjöldi djúpgáma reiknast skv. flokkunarkerfi Hafnarfjarðarbæ.

Sorp útreikningur:
Lífrænt.
139 Íbúðir x 120L = 16.680L = 16,68 m³, 15% minni rýmd = 14,18 m³
Blandað.
139 Íbúðir x 120L = 16.680L = 16,68 m³, 15% minni rýmd = 14,18 m³
Pappír.
139 Íbúðir x 120L = 16.680L = 16,68 m³, 15% minni rýmd = 14,18 m³
Plast.
139 Íbúðir x 120L = 16.680L = 16,68 m³, 15% minni rýmd = 14,18 m³

Niðurstaða:
Lífrænt. 5x3 m³
Blandað. 3x5 m³
Pappír. 3x5 m³
Plast. 3x5 m³

Brunahönnun

Auk þeirra brunavarna sem sýndar eru myndræt á aðaluppdrætti (afstaða, hólfun, flóttaleiðir, staðsetning útljósa o.fl.) komi eftirfarandi texti fram á teikningu:
Brunavarnir
Brunavarnir eru samkvæmt brunahönnun ÖRUGG verkfræðistofu dags. 25. mars 2022. Brunahönnun nær til 5 fjölbýlishúsa á reit auk þriggja yfirbyggðra bílastæða með opnar hliðar.
Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Íbúðahlutar í notkunarflokki 3. Yfirbyggð bílastæði og geymslusamstæður í notkunarflokki 1. Öll stigahús flokkast sem stigahús 2. Brunaálag í íbúðum er <800 MJ/m², allt að 500 MJ/m² á yfirbyggðum bílastæðum en getur verið allt að 1600 MJ/m² staðbundið í geymslusamstæðum. Yfirbyggð bílastæði skal aðeins nota til geymslu á ökutækjum.
Brunavíðvörunarkerfi
Í hverri íbúð skulu vera stakir reykskynjarar í samræmi við ÍST EN 14604 , lágmark einn skynjari á hverja 80 m². Mælt er með því að íbúar setji upp reykskynjara í hvert rými. Í hverri geymslusamstæðu fyrir sig skulu vera virtengdir reykskynjarar með hljóðgjafa, sítengdir við straum.
Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3. Í öllum íbúðum og geymslusamstæðum verða 6L léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 183B. Duftslökkvitæki verða í innan yfirbyggðra bílastæða, a.m.k. 1 á hverju svæði.
Reyklosun
Reykræsing frá geymslusamstæðum er um hurðir sem opnast beint út. Reyklosun frá stigahúsum er leyst með opnanlegum fögum á hverri hæð. Yfirbyggð bílastæða teljast „opin" skv. skilningi NFPA88A.
Neyðarlýsing og leiðarmerkingar
Neyðarlýsing og leiðarmerkingar skulu vera útfærðar skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Neyðarlýsing skal vera 5 lúx í stigahúsum, við öryggisbúnað, í tæknirýmum og við öruggu svæði. 1 lúx á skilgreindum flóttaleiðum. 0,5 lúx innan yfirbyggðra bílastæða. Utanhúss skal vera almenn lýsing, þ.a. auðvelt sé að komast klakklaust frá húsi. Miða skal við a.m.k. 10 lúx við innganga í hús.
Stigleiðsla
Þurrar stigleiðslur verða í öllum stigahúsum með úttök á hverri hæð ofan jarðhæðar. Inndæling við jarðhæð hverrar byggingar skv. aðaluppdráttum. Útfærsla skal vera skv. gr. 9.8.5 í byggingarreglugerð.
Flóttaleiðir
Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum. Allar reiknaðar göngulengdir flóttaleiða eru innan viðmiðunarregluna byggingarreglugerðar.
Dyr í flóttaleið
Hurðir í flóttaleið skulu hafa a.m.k. hún og sneril. Hurðir með aðgangsstýringu í flóttaleið verða með brotrofa við dyrnar, sem rýfur straum að læsingunni þannig að hún opnist, og gangsetur jafnframt hljóðmerki til viðvörunar. Rofinn sé rækilega merktur: "Neyðarútgangur - Brjótið gler".
Rýming hreyfihamlaðra
Öruggt svæði fyrir hreyfihamlaða verða í öllum stigahúsum á öllum hæðum ofan jarðhæðar og 1. hæðar (þar sem aðgengi er beint út). Innan öruggra svæða verður samskiptabúnaður í samræmi við leiðbeiningar HMS nr. 9.5.10. Stærð öruggra svæða skal að lágmarki vera 1,5 m x 0,8 m að stærð í samræmi við meginreglu gr. 9.5.10.
Klæðningar og gólf
Flokkun klæðninga og gólfefna er skv. ÍST EN 13501-1. Allar vegg- og loftaklæðningar verða $K_2$10 B-s1, d0 (flokkur 1). Niðurhengd loft, upphengikerfi og hljóðdempunarplötur þar sem slíkt verður notað verða í flokki B-s1,d0. Gólfefni skulu uppfylla D_{fl}-s1 (flokk G) en C_{fl}-s1 í stigahúsum. Gólf yfirbyggðra bílastæða verða steinsteypt og uppfylla A1 skv. ÍST EN 13501-1
Útveggir og þak
Útveggir og þak verða steinsteypt, útveggir verða einangraðir með óbrennanlegri einangrun. Útveggjaklæðningar og öll efni tengd henni skulu uppfylla A2-s1,d0.
Þök eru steypt, ofan á steypta plötu kemur plasteinangrun varin með yfirlagsefni í flokki B(roof) (t2).
Brunahólfun
Brunahólfun skv. teikningu. Geymslusamstæður mynda hver um sig sjálfstætt brunahólf með með EI60 veggjum. Brunahólfun milli íbúða er EI90 en EI60 að sameiginlegu stigahúsi. Hurðir að íbúðum frá inngöngum eða stigahúsum eru EI_2 30-CS_{200}. Yfirbyggð bílastæði verða með EI60 skilum og $EI_2$30-CS_{200} hurðum að byggingum skv. merkingum á aðaluppdráttum.
Leyfilegt er að loka svölum íbúða með einföldum glerskífum sem unnt er að opna að lágmarki 85% á einfaldan hátt skv. gr. 9.6.17. í byggingarreglugerð. Í opnanlegum gluggum á svalaskýlum verður hert öryggisgler (perlugler). Reiknað er með glerlokun að hluta á opnum svalagöngum. Að lágmarki verður miðað við 50 cm opnun efst á svalagöngum og 8,9 cm neðst.
Loftræsikerfi
Byggingin er loftræst að hluta með vélrænni loftræsingu. Loftræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk við bruna. Þannig skal frá þeim gengið að þau rýra ekki brunahólfun né stuðli að útbreiðslu reyks. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun byggingarinnar.
Aðstaða slökkviliðs
Aðkomuleiðir og björgunarsvæði eru sýnd á afstöðumynd. Brunastöðvar verða í anddyrum stigahúsa bygginga B og D.
Burðarvirki við bruna
Burðarvirki lóðrétta og láréttra burðarvirkja verður almennt R90 en R60 fyrir þök. Burðarvirki stiga verða R30. Burðarvirki svala verða R90. Hæðaskil verða REI90.
Viðhald brunavarna
Gera skal þjónustusamning um viðhald á sjálfvirkum reyklosunarbúnaði, neyðarlýsingu og handslökkvitækjum í sameign. Setja skal upp kerfi eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir byggingu.

Hljóðhönnun

Í greinargerð hljóðvistarhönnuðar er gerð grein fyrir hljóðhönnun bygginga. Settar eru fram markmið og kröfur sem gerðar eru til hljóðvistar í byggingum. Greint er frá því hvernig markmið og kröfur eru uppfylltar, þ.e. hvernig lausnir koma til með að uppfylla sett markmið hverju sinni. Nánar er greint frá hljóðhönnun bygginganna á teikningum og í gögnum arkitekta, lagna- og rafkerfahönnuða.

Myrru hönnunarstofu nær til lýsingar hljóðvistaraðgerða eins og þær koma fram í þessari greinargerð. Hljóðvistarhönnuður gefur ekki út teikningar og er ábyrgð á deilihönnun á hendi annarra hönnuða.

Ábyrgð á frágangi hljóðvistaraðgerða á byggingarstað er á hendi verkkaupa eða þess sem hann felur umsjón með því. Réttur og góður frágangur er lykilatriði til að árangur náist í aðgerðum er snúa að hljóðvist og því er lögð mikil áhersla á að verktakar fylgi til hlíts ítrasta leiðbeiningum sem finna má í þessari greinargerð og leiðbeiningum framleiðenda.

HLJÓÐKRÖFUR SKV. BYGGINGARREGLUGERÐ
Byggingar skulu þannig hannaðar að óþægindi vegna hávaða innan rýma, frá aðliggjandi rýmum, lögnum, tæknibúnaði og hljóðgjöfum utandyra séu takmörkuð. Þessar kröfur skulu uppfylltar í samræmi við fyrirhugaða notkun.
Byggingarreglugerð nr. 112/2012 vísar til hins íslenska hljóðvistarstaðals, ÍST45:2016 hvað varðar kröfur til hljóðvistar í byggingum. Í staðlinum eru tilgreind viðmiðunargildi fyrir mismunandi gerðir bygginga og þeim skipt niður í fjóra gæðaflokka eftir notkun.
Gæðaflokkar ÍST45 eru skilgreindir á eftirfarandi hátt:

FLOKKUR A Sérstaklega góðar aðstæður hvað hljóð varðar. Einstaklingar verða aðeins örsjaldan fyrir truflunum vegna hljóðs eða hávaða.

FLOKKUR B Umtalsvert betri hljóðvist heldur en þau viðmiðunargildi sem sett eru í flokki C. Einstaklingar geta í einstaka tilfellum orðið fyrir truflunum vegna hljóðs eða hávaða.

FLOKKUR C Viðmiðunargildi fyrir nýbyggingar og fyrir breytingar á byggingum þar sem sömu kröfur eru gerðar og í nýbyggingum.
Samsvara kröfum í íslenskri byggingarreglugerð nr. 112/2012. Einnig er skilgreindur flokkur D, en hann er lakastur og á sjaldan við.

BYGGINGARLÝSING
Kröfur til hljóðvistar skv. gæðaflokki C í staðlinum ÍST45:2016, Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, verða uppfylltar í nýbyggingunum við Áshamar. Í köflum 6 og 15 eru skilgreindar kröfur til íbúðarhúsnæðis.
Fullnægjandi hljóðeinangrun verður tryggð með því að beita þekktum lausnum við uppbyggingu veggja og gólfplatna sem og við val á hurðum og gluggum.
Gólfefni verða valin m.a. með högghljóðstig í nálægum rýmum í huga. Frágangur tæknibúnaðar í byggingunni verður með þeim hætti að kröfur til hljóðvistar verða uppfylltar, jafnt til lofthljóðeinangrunar milli rýma sem og hljóðstigs frá tæknibúnaði. Hljóðstig innanhúss og á útisvæðum verður innan marka reglugerðar um hávaða vegna umferðar ökutækja. Í meðfylgjandi greinargerð hljóðhönnuðar eru sett frammarkmið og kröfur til hljóðvistar byggingarinnar ásamt því að greint er frá hljóðhönnun byggingarinnar.

Hljóðkröfur á hurðir og glugga vegna umferðar ökutækja
Uppfylla þarf kröfu um hljóðstig innanhúss frá umferð ökutækja. Þurfa því eftirfarandi gluggar að hafa aukna hljóðeinangrun.
Á myndum 1 til 4, eru kröfur til lofthljóðeinangrunar glugga byggingana settar fram til þess að uppfylla hljóðstig innandyra frá umferð ökutækja. Athugið að hér er um ómerkt gildi að ræða þar sem leiðrétt er fyrir hávaða frá umferð ökutækja, þ.e. Rw + Ctr.
Almennt uppfyllir hefðbundinn gluggi kröfur um Rw + Ctr= 26 dB, t.d. uppfyllir uppbygging 4-12-4 mm (gler/loftbil/gler) þær kröfur. Þó er gott er að miða við að glerskífurnar séu mispykkar, t.d. 4-12-6 mm uppbygging vegna tíðni hávaðans frá umferð ökutækja.
Þar sem notast verður við fersloftsventla og þeir eru á húshliðum þar sem hljóðstig er yfir 55 dB frá umferð ökutækja þurfa þeir að vera með að lágmarki Dn,e,w ≥ 46 dB hið minnsta. Á þetta einnig við um fersloftsventla sem vísa út í svalaganga.

Samþykkt þann
04. MAÍ 2022
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

Tákn

GN	= Gólfniðurfall		**Brunatákn**
ÞN	= Þaknniðurfall		
SN	= Svaðniðurfall		**Veggir og hæðaskil**
LR	= Loftræsting		EI60
VLR	= Vélrænn loftræsting		EI90
ÞK	= Þéttikassar		A-EI60
NL	= Neyðarljós		A-EI120
BO	= Björgunarop		REI60
R	= Reykskynjari		REI120
HSL	= Handslökkvitæki		A-REIM120
ÚT	= Merktur útgangur		
HV	= Hitaveita		
VV	= Vatnsveita		**Hurðir**
RR	= Rafmagnsveita		E30-CS
ÚK	= Úskrani		EI30-CS
DS	= Dyrasími		EI60-CS
90	= Felliskjöl við björgunarop		**Gluggar**
			E30
	= Brunaslanga		
	= Stigleiðsla		
	= Stigleiðsla út		
	= Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis		
	= Inntak		
	= Bílastæði fyrir fatlaða		

SHS
26.04.22

deilistofa
David Sivertsen
Brunavarnir
eftirlitsmaður
9.05.2022

Útg.	Dags.	Lýsing	Nafn

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Hlíðasmári 19 - 2.hæð , 201 Kópavogur
S. 564 2255 , krark@krark.is
Kt. 581298-3589 , www.krark.is

Áshamar 2-10
Hafnarfjörður

Landeignanúmer: 231972

Byggingarlýsing

Fjölbýlishús		Aðaluppdrátt	
Verknúmer:	21037BD	**Aðalhönnuður:**	**Kristinn Ragnarsson**
Matlikvarði:			Kt. 120844-2569
Dagsetning:	28.03.2022	**Hönnunarstjóri:**	Kristinn Ragnarsson
Hönnun:	KR,RCM		Kt. 120844-2569
Verkfræðistjóri:	RGM	**Blað:**	**Útgáfa:**
Teiknað:	LPM,RLF,HGR	G002	
Yfirfarið:	RGM,LPM		

Copyright © KRark , Hönnuður áskilur sér allan rétt á teikningum - Fjölföldun er með skriflegu samþykki

A1